

Nd.

221. Breytingartillögur

[49. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 115 30. des. 1978, sbr. lög nr. 70 31. des. 1977, sbr. lög nr. 9 12. apríl 1977 og lög nr. 95 31. des. 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. a-liður 2. tl. 1. gr. orðist svo:
 - a. bótum skv. II. og IV. kafla laga nr. 67/1971 með síðari breytingum öðrum en elli- og örorkulífeyri.
2. b- og c-liðir 2. tl. 1. gr. falli niður.
3. d-liður (er verði b-liður) 2. tl. 1. gr. orðist svo:

650 000 kr. í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta, sem frá eru dregnar samkvæmt 4. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972, með síðari breytingum, hjá þeim mönnum sem orðnir eru 67 ára fyrir 1. janúar 1980 eða nutu örorkulífeyris á árinu 1979.
4. 2. málslíður 2. mgr. 3. tl. 1. gr. orðist svo:

Gjald, sem ekki nær 4 000 kr., skal fellt niður við álagningu.
5. Á 5. tl. 1. gr. verði gerð svofelld breyting:

Í stað orðanna „sem um ræðir í 1.—4. tl. þessa ákvæðis“ komi: sem um ræðir í þessari grein.
6. 2. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1980 vegna tekna ársins 1979.